

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014, Neðra-Sel.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014, frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir nýju íbúðarsvæði ásamt beitilandi, á um 40 ha svæði í landi Neðra-Sels, á svæði sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Gert er ráð fyrir fjórum lóðum og að á hverri þeirra verði hægt að byggja íbúðarhús, gripahús og geymslu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 13. janúar 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014, Reiðholt í landi Haga.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2002-2014, frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir 50 ha svæði fyrir frístundabyggð sunnan við Hagakirkju, á svokölluðu Reiðholti, á svæði sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Gert er ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum á svæðinu með tilheyrandi útivistarmögu-
leikum, auk haglendis og beitiland fyrir hross.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 13. janúar 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.